## Rannsókn: Aðgengi fólks af erlendum uppruna að störfum í samræmi við menntun á íslenskum vinnumarkaði.

Styrkþegi: InterCultural Ísland

Samantekt : Rannsóknarskýrsla um aðgengi fólks af erlendum uppruna að störfum í samræmi við menntun á íslenskum vinnumarkaði. Rannsóknin var unnin af InterCultural Ísland, 2010, með styrk frá Þróunarsjóði innflytjendaráðs.

Fyrir rannsóknina voru tekin ítarleg simaviðtöl við 100 innflytjendur, 51 konu og 49 karla, búsetta á Íslandi sem uppfylla þau skilyrði að hafa lokið sérhæfðri háskóla- eða iðnmenntun í upprunalandi, tala íslensku og eru með búsetuleyfi á Íslandi ef upprunaland þeirra er annað en EES ríki eða Norðurlönd. Ákveðið var að ræða eingöngu við fólk sem talar Íslensku til að útiloka skort á íslenskukunnáttu sem áhrifaþátt á aðgengi í starf í samræmi við menntun. Markmið rannsóknarinnar var þríþætt, í fyrsta lagi að greina hvert aðgengi fólks af erlendum uppruna sem uppfylla ofangreind skilyrði er að starfi í samræmi við menntun þess á íslenskum vinnumarkaði. Í öðru lagi, að greina hverjar eru hugsanlegar ástæðurnar ef það hefur ekki aðgengi að störfum í samræmi við menntun. Í þriðja lagi að meta hversu algengt það er að innflytjendur á Íslandi láti reyna á að fá viðurkennda þá menntun sem þeir hafa lokið í upprunalandi. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýna að aðeins um helmingur viðmælenda gegnir störfum á íslenskum vinnumarkaði sem eru í samræmi við menntun þeirra frá upprunalandi og að innflytjendur eru líklegri til að starfa í ósérhæfðu starfi á Íslandi en í upprunalandi sínu. Þær sýna einnig að meirihluti þeirra viðmælenda sem hefur reynt að fá menntun sína metna Íslandi hefur fengið hana viðurkennda án vandkyæða. Umtalsverður hluti viðmælenda, eða 35%, segist ekki hafa þurft að fá menntun sína metna og um þriðjungur viðmælenda hafði ekki reynt að fá menntun sína metna eða sóst eftir starfi við hæfi vegna viðhorfa sem þau telja vera fyrir hendi gagnvart innflytjendum og menntun þeirri sem þeir hafa aflað sér í upprunalandi sínu.

## Project: The access of immigrants to employment in accordance with their education in the Icelandic work market

Grantee: InterCultural Iceland

Summary: Research report on the access of immigrants to employment in accordance with their education in the Icelandic work market. Research conducted by InterCultural Iceland, 2010, with funding from the Development fund of the Immigration Council.

For the research extensive phone interviews were conducted with 100 immigrants, 51 women and 49 men, living in Iceland that meet the requirements of having finished specialized university or trade education in their country of origin, speak Icelandic and have a residence permit in Iceland if their country of origin is other than an EEC state or a Nordic country. The reason for only including people who speak Icelandic was to eliminate lack of knowledge of Icelandic as an influencing factor on access to employment in accordance to education. The purpose of the research was threefold, firstly, to analyze the access of immigrants who meet the requirements listed above to employment in accordance with their education. Secondly, to analyze the possible obstacles to their access to such employment. Thirdly, to estimate how common it is that immigrants in Iceland have educational qualifications obtained in their country of origin formally recognized. The main findings of the research show that only about half of the participants are employed in jobs in accordance to their education from their country of origin and that immigrants are more likely to be employed in non-specialized jobs in Iceland than in their country of origin. Furthermore, that the majority of the participants that tried to have their qualifications recognized, received recognition without problems. A considerable percentage, or 35%, claimed not to need to have their educational qualifications formally recognized. About a third of the participants had not tried to have their education recognized or applied for employment in accordance with their education because of prejudism that they believe to present in Iceland, against immigrants and the education they have from their countries of origin.